

# OECD *Multilingual Summaries*

## OECD-FAO Agricultural Outlook 2017-2026

Summary in Icelandic



Read the full book on: [10.1787/agr\\_outlook-2017-en](https://doi.org/10.1787/agr_outlook-2017-en)

## OECD-FAO: Horfur í landbúnaði 2017-2026

### Útdráttur á íslensku

Skýrslan Horfur í landbúnaði 2017-2026 er samstarfsverkefni OECD og FAO, tekin saman á grundvelli upplýsinga frá sérfræðingum stjórnvalda aðildarríkjanna og frá stofnunum sem sérhæfa sig í hrávörumálum. Þar er að finna sameiginlegt mat beggja stofnana til meðallangs tíma (tíu ára) varðandi horfur í landbúnaðar- og fiskafurðamálum á landsvísu, svæðisvísu og heimsvísu. Í útgáfu þessa árs er sérstök áhersla lögð á landbúnað og sjávarútvegs- og fiskeldisgreinar í suðaustur Asíu.

Bakgrunnur skýrslunnar á þessu ári einkennist af metframleiðslu og ríkulegum birgðum af flestri hrávöru á árinu 2016, sem leiðir til þess að verðlag er vel undir þeim toppgildum sem sést hafa undanfarinn áratug. Meðalverð korns, kjöts og mjólkurafurða hélt áfram að lækka, en verð á olíufræjum, jurtaolíu og sykri hækkaði aftur lítillega á árinu 2016.

Á þeim tíma sem skýrslan nær til er því spáð að hægja muni talsvert á aukningu eftirspurnar. Vöxtinn á síðasta áratug má fyrst og fremst rekja til Alþýðulýðveldisins Kína, þar sem vaxandi eftirspurn eftir kjöti og fiski varð til þess að fódurnotkun jókst um nærri 6% á ári, en í öðru lagi til heimsmarkaðarins með lífrænt eldsneyti, þar sem notkun uppistöðuefna jókst um nærri 8% á ári. Endurnýjun kornbirgða um 230 milljón tonn á síðasta áratug hefur einnig ýtt undir eftirspurn. Ekki er gert ráð fyrir að þessir drifkraftar geti stutt markaðinn með sama hætti til meðallangs tíma og engir aðrir þættir sem gætu komið í staðinn eru í sjónmáli.

Í skýrslunni er gert ráð fyrir að vöxturinn í eftirspurn eftir nánast allri hrávöru verði minni en á síðasta áratug. Ef lítið er til heimsins alls er gert ráð fyrir að eftirspurn á mann eftir kornvöru haldist óbreytt og einungis er gert ráð fyrir aukningu í fátækustu þróunarlöndunum. Horfur varðandi kjötneyslu eru taldar skorðum háðar vegna nýlegra hneigða í mörgum löndum, þar sem neyslumynstur, lágar tekjur og framboðshömlur takmarka svigrúmið til aukinnar neyslu. Gert er ráð fyrir að aukning í hitaeiningum og prótíni verði fyrst og fremst með aukinni neyslu jurtaolíu, sykurs og mjólkurafurða. Í heildina virðist „samstreymið“ í átt til vestrænna matarvenja takmarkað.

Pegar líður að árinu 2026 er áætlað að framboð hitaeininga nái 2.450 kcal á dag að meðaltali í fátækustu þróunarlöndunum en verði meira en 3.000 kcal á dag í öðrum þróunarlöndum. Engu að síður verður matvælaöryggi alvarlegt áhyggjuefni í heiminum og samhliða næringarskort í öllum sínum myndum mun það hafa verulegar áskoranir í för með sér í mörgum löndum.

Hægt hefur á vextinum í eftirspurn eftir etanóli og lífdísilolíu vegna lægra verðs á jarðefnaeldsneyti og samdráttar í ívilnunum stjórnvalda. Jafnvel þótt gert sé ráð fyrir að orkuverð hækki verður vöxturinn í eftirspurninni sem af því leiðir eftir uppistöðuefnum lífræns eldsneytis, einkum maískorns og sykurreys til etanólframleiðslu og jurtaolíu til lífdísilframleiðslu, hægur, nema í tilteknum þróunarlöndum þar sem aukning eftirspurnar er drifin áfram af markvissari landsbundinni stefnumótun.

Framtíðarvöxtur í ræktun mun fyrst og fremst náðst með aukinni framleiðni. Gert er ráð fyrir að lítillega muni hægja á uppskeruaukningu, en framleiðslu mætti auka með því að staga í stórar gloppur í framleiðni, sem enn eru prálátar, einkum í Afríku sunnan Sahara. Svæðin til kornræktar í heiminum munu aðeins

stækka lítillega, en gert er ráð fyrir að frekari stækkun svæða til ræktunar á sojabaunum muni nægja til þess að mæta eftirspurn eftir dýrafóðri og jurtaolíu.

Vexti í kjötframleiðslu verður náð bæði með stærri gripahjörðum og aukinni framleiðslu á hvern grip, en mikill munur á þéttleika í framleiðslu verður áfram viðvarandi. Vöxtur í alifuglarækt skýrir um helminginn af heildaraukningu kjötframleiðslu á áratuginum. Gert er ráð fyrir að herði á vextinum í mjólkurframleiðslu í samburði við síðastliðinn áratug, einkum á Indlandi og í Pakistan.

Fiskeldi ræður ríkjum í vexti fiskframleiðslu, þar sem veiðar ákvarðast af stofnstærðum og stefnumótun sem miðar að því að hamla gegn ofveiðum. Kína mun áfram halda 60% hlutdeild sinni í heimsframleiðslu fiskafurða. Framleiðsla eldisfisks er sá prótíngjafi sem hraðast vex af öllum hrávörum sem fjallað er um í skýrslunni.

Gert er ráð fyrir að hægja muni á vextinum í viðskiptum með landbúnaðar- og fiskafurðir um helming frá vexti síðasta áratugar. Hins vegar munu viðskipti í meginráttum svara til stöðugrar framleiðsluhlutdeildar í þessari grein. Almenn tæfa viðskipti með landbúnaðarafurðir staðið betur af sér þjóðhagslegar sveiflur en viðskipti með aðrar vörur. Þegar lítið er til þeirrar tiltölulega miklu verndar sem landbúnaður nýtur gæti vöxtur í viðskiptum með landbúnaðarafurðir aukist með auknu frjálsræði á markaði.

Innflutningur matvæla verður sífellt mikilvægari liður í matvælaöryggi, einkum í Afríku sunnan Sahara, Norður Afríku og Miðausturlöndum. Þótt þetta kunni í sumum löndum að stafa af aukinni eftirspurn, ásamt ónægum náttúruauðlindum til þess að rækta matvöru innanlands, getur það í öðrum tilvikum verið til marks um vandræði við þróun í landbúnaði, sem þarf þá að bregðast við.

Gert er ráð fyrir að hreinn útflutningur frá löndum Ameríku, Austur Evrópu og Mið-Asíu aukist en gera má ráð fyrir að hreinn innflutningur muni aukast í öðrum löndum Asíu og Afríku. Útflutningur takmarkast enn við fáein sölulönd en innflutningurinn dreifist á fjölmörk ríki. Það kann að vera merki um aukinn næmleika heimsmarkaðarins fyrir framboðshnykkjum, sem leiða af náttúrulegum og pólitískum þáttum, fremur en af eftirspurnarhnykkjum.

Miðað við áætlanir í skýrslunni um grundvallarþætti framboðs og eftirspurnar er gert ráð fyrir að raunverð landbúnaðar- og fiskafurða muni fara örlítið lækkandi og haldast neðan við fyrri toppgildi á næstu tíu árum. Verð landbúnaðarafurða er háð töluverðum sveiflum og á því kunna að verða veruleg og jafnvel langvarandi frávik frá langtímaþróun verðlagsins.

## Suðaustur Asía

Í sérstökum kafla Horfanna er einblínt á lönd Suðaustur Asíu, þar sem efnahagsvöxtur hefur verið mikill og landbúnaðar- og fiskframleiðsla hafa þróast hratt. Vöxtur á breiðum grunni hefur gert þessum svæðum kleift að draga verulega úr næringarskortri á undanfönum árum.

Hins vegar hefur vöxturinn á sviði landbúnaðar og fiskveiða í þessum heimshluta leitt til vaxandi álags á náttúruauðlindir, sem einkum hefur áhrif á útflutningsmiðaða fisk- og pálmaolíuframleiðslu. Í skýrslunni er gert ráð fyrir að hægja muni verulega á vextinum í framleiðslu pálmaolíu eftir því sem í meginframleiðslulöndunum er lögð aukin áhersla á sjálfbæra þróun.

Þörf verður á bættri auðlindastjórnun og auknum rannsóknum og þróun til þess að ná fram sjálfbærri aukningu framleiðni. Stefnumótun til stuðnings hrisgrjónarækt mætti einnig breyta í því skyni að greiða fyrir aukinni fjölbreytni í landbúnaði. Í ljósi viðkvæmni þessa heimshluta fyrir loftslagsbreytingum verður þörf á fjárfestingu til þess að greiða fyrir aðlögun.

© OECD

**Þessi útdráttur er ekki opinber OECD þýðing.**

Eftirprentun þessa útdráttar er leyfileg, að því tilskildu að getið sé höfundarréttar OECD og titils upprunalegu útgáfunnar.

**Fjölmörg útdrættir eru þýdd á grip af útgáfum OECD sem upphaflega voru gefnar út á ensku og frönsku.**



**[Read the complete English version on OECD iLibrary!](#)**

© OECD (2017), *OECD-FAO Agricultural Outlook 2017-2026*, OECD Publishing.

doi: 10.1787/agr\_outlook-2017-en